

**8. fundur stýrihóps um Samfélagsmiðstöð á Dalbraut 8, haldinn í Lindinni
Dalbraut 4,
mánudaginn 12. desember 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson fulltrúi meirihluta, Ragnar B. Sæmundsson fulltrúi minnihluta, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2201087 - Samfélagsmiðstöðin Dalbraut 8 - uppbygging

Uppbygging á samfélagsmiðstöð á Dalbraut 8. Farið yfir stöðuna á kynningar- og samráðsfundum með hagaðilum.

Unnur Helga Kristjánsdóttir ráðgjafi Strategía ehf. og verkefnastjóri stýrihóps sat fundinn. Gestir fundarins voru Heiðrún Janusdóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála og Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri sem fóru yfir stöðuna á útisvæðinu við Dalbraut 8. Ræddar voru hugmyndir og möguleikar fyrir útisvæðið við samfélagsmiðstöð að Dalbraut 8.

Farið var yfir lokadrög af skýrslu / þarfagreiningu fyrir samfélagsmiðstöð sem unnin var í samráði við alla hagaðila. Skýrslan verður kynnt fyrir fagraðunum 21. desember nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.